Upplýsingapóstur til sveitarstjórna - starfsmenn sveitarfélaga eru vinsamlega beðnir um að áframsenda til viðkomandi aðila

Frá	:	Anna Gunnhildur Ólafsdóttir <anna.g.olafsdottir@irn.is>
CC	:	sss@sss.is <sss@sss.is>;ssv@ssv.is <ssv@ssv.is>;fv@vestfirdir.is <fv@vestfirdir.is>;ssnv@ssnv.is <ssnv@ssnv.is>;eything@eything.is <eything@eything.is>;ssa@ssa.is <ssa@ssa.is>;bjarni@sudurland.is <bjarni@sudurland.is>;ssh@ssh.is <ssh@ssh.is>;Aðalsteinn Þorsteinsson <adalsteinn.thorsteinsson@irn.is>
Heiti	:	Upplýsingapóstur til sveitarstjórna - starfsmenn sveitarfélaga eru vinsamlega beðnir um að áframsenda til viðkomandi aðila
Málsnúmer	:	2308038
Málsaðili	:	Samgöngu- og sveitarstjórnarrá
Skráð dags	:	18.08.2023 13:07:19
Höfundur	:	Anna Gunnhildur Ólafsdóttir <anna.g.olafsdottir@irn.is>

Ágæti fulltrúi í sveitarstjórn.

Með hallandi sumri tínist fólk aftur til starfa sinna um landið allt.

Því miður náðst ekki að leggja fram þingsályktun á málefnasviði sveitarfélaga og frumvarp um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs á þingi í vor. Nú er stefnt að því að hægt verði að mæla fyrir hvoru tveggja ásamt þingsályktun í samgöngum á fyrstu dögum þingsins uppúr miðjum september.

Af einstökum aðgerðum innan aðgerðaáætlunar þingsályktunarinnar er hægt að nefna víðtæka endurskoðun á sveitarstjórnarlögum, áframhaldandi vinnu við endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og þróunarverkefni á sviði þjónustu og lýðræðis, sbr. drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók).

Endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs stuðlar að auknu gæðum jöfnunar, einfaldari útreikningum og skipulagi sjóðsins. Vakið hefur athygli að í fyrirliggjandi drögum að frumvarpi er gert ráð fyrir að sveitarfélög fullnýti útsvarsstofn sinn til að hljóta styrk úr sjóðnum.

Runnin er út frestur sveitarfélaga með undir 250 íbúum til að skila til ráðuneytisins áliti um getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum og tækifæri þeirra við sameiningu/ar. Unnið er að umsögnum ráðuneytisins um álitin og verður hvort tveggja kynnt fyrir íbúum í sveitarfélögunum á næstu mánuðum. Með því er stuðlað að því að íbúar hafi tækifæri til að móta sér upplýsta afstöðu til sameininga við önnur sveitarfélög.

Í lokin má geta þess að drög að húsnæðisstefnu stjórnvalda liggja frammi í opinni samráðsgátt stjórnvalda til 4. september.

Við hvetjum þig til að kynna þér drögin og eiga frumkvæðið að því að senda inn umsögn teljir þú/sveitarstjórnin tilefni til þess.

Við vonum að upplýsingapósturinn komi að gagni og hvetjum þig til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna í kjölfar hans.

Með bestu kveðju,
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir,
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
http://www.irn.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing